

Greinargerð – Ný lóð við Suðurholt.

Strendingur ehf. fyrir hönd Mílu hf, óskar eftir að fá úthlutað nýrri lóð undir 16m háan farsímastaur á svæði við hlið núverandi innviðalóðar við Suðurholt 2a, sem liggur á milli Suðurbrautar og Reykjanesbrautar. Fleiri en eitt fjarskiptafyrirtæki myndu hafa möguleika að nýta sér þessa aðstöðu undir farnetssenda.

Forsaga

Upphaflega var sótt um leyfi til að reisa farsímastaur á núverandi lóð við Suðurholt 2.

Erindið var tekið fyrir hjá skipulagsfulltrúa í janúar 2026 og samkvæmt umsögn skipulags var lagt til að skoða ætti frekar að staðsetja farsímastaur á nýrri lóð við hlið og austan við núverandi lóð við Suðurholt 2a.

Eftir frekari samskipti á milli skipulagsfulltrúa og Mílu varðandi tillögu um nýja lóð kom ný umsögn frá skipulagsfulltrúa í mars 2026. Í þeirri umsögn er tekið jákvætt er tekið í stofnun nýrrar lóðar, Suðurholt 2b, við hlið og austan við Suðurholt 2a.

Farnetssamband á svæðinu má bæta. Með tilkomu nýrrar tækni eins og 5G, ásamt auknum kröfum um betra samband fyrir farsíma og snjall búnað, er nauðsynlegt að þétta farnet og fjölga sendistöðum.

Farnetssendir á Suðurlholti kemur til með að bæta farnetssamband á svæði til norðvesturs frá sendinum, hluta Holts og svæði Byggðar og bæta samband á kafla Reykjanesbrautar til vesturs og eitthvað til austurs. Síðast en ekki síst bæta samband við Ásbraut og hluta Vallanna en þar er mikil atvinnustarfsemi.

Uppsetning á þessum sendistað er liður í uppbyggingu sendistaða á þessu svæði. Fyrir eru komnir sendar í Bjargsskarð, Hamranesnámu og Ásvallabaut. Verið er að undirbúa uppbyggingu nýs sendistaðar í Suðurlhelli fyrir syðri hluta Helluhverfis.

Míla fylgir ströngustum kröfum um öryggi og geislavarnir. Reglur og eftirlit vegna geislavarna er í höndum Geislavarna Ríkisins og virðir Míla þau tilmæli að fullu. Geislavarnir Ríkisins fara eftir ráðleggingum ICNIRP frá árinu 2020, (ICNIRP guidelines for limiting exposure to electromagnetic fields (100 HZ TO 300 GHZ)).

Hér á eftir er leitast við að sýna með myndrænum hætti hvernig ásynd á lóð er í dag og þá breytingu sem á henni verður við það að reisa 16 metra háan stálstaur undir farnetssenda á milli núverandi húss á lóð og lóðarmarka í suður.

Ef jákvæð umsögn fæst við þessari greinargerð verður útbúið nýtt deiliskipulag í samráði við Hafnarfjarðarbæ fyrir lóðina.

Núverandi skipulag

Yfirlitsmynd af kortavef Hafnarfjarðar sýnir svæði við Suðurholt 2a þar sem grænn hringur merkir það svæði sem óskað er eftir að fá nýja lóð staðsetta.




Drög að nýju skipulagi

Ef jákvæð umsögn fæst við þessari greinargerð verður útbúið nýtt deiliskipulag fyrir lóðina.

Mynd hér að neðan sýnir óskir um staðsetningu lóðar, grænn kassi.

Lágmarks stærð lóðar yrði 8x8m.

Byggingarreitur innan nýju lóðarinnar yrði að lágmarki 6x6m.



Tekið saman af PP, Strendingur ehf. mars 2026